

# Lyfjagjöf vegna hrörnnunar í augnbotnum

Aldurstengd hrörnun í augnbotnum er aðalorsök sjónskerðingar eða blindu og sést oft fyrst í kringum sextugt. Sjúkdómurinn skiptist í tvo meginflokka þ.e. þurra og vota aldurstengda hrörnun í augnbotnum. Hér verður fjallað um vota hrörnun í augnbotnum.

Við vota hrörnun myndast nýjar æðar í augnbotni sem valda bjúg og blæðingum. Einkennin eru skyndilegar breytingar á sjón sem fela m.a. í sér sjóntap eða brenglun á sjón þannig að beinar línur virðast bognar og aflagaðar. Mikilvægt er að meðhöndla sjúkdóminn sem fyrst til að koma í veg fyrir að hann þróist enn frekar og valdi óafturkræfum skemmdum.




*Miðjusjón skerðist við hrörnun í augnbotnum*

Meðferð við sjúkdómnum miðar að því að stöðva eða hægja á ferli sjúkdómsins og hjá sumum batnar sjónin eitthvað. Lyfi er dælt inn í glerhlaup augans á um það bil fjögurra vikna fresti. Fylgst er með ástandi augans og meðferðin endurmetin.


## Augnskoðun

Við komu á augndeild fer fram sjónmæling, skoðun og augnrannsóknir svo sem augnbotnamyndataka, æðamyndataka og sneiðmyndataka. Ráðlagt er að fylgjast með sjón með svokölluðu Amslerkorti einu sinni í viku. Það er rúðustrikað kort sem notað er til að fylgjast með því hvort breytingar verði á sjón til dæmis að beinar línur virðast bognar.

Við notkun á Amslerkorti verður að loka auganu sem ekki er verið að prófa og horfa beint á punkt á miðju korti. Ef breyting verður á rúðustrikuðum línum ber að hafa samband við augnlækni strax og fá skoðun innan viku. Hægt er að nota glugga eða dyrakarma í sama tilgangi en muna að prófa vikulega.



Amsler kort



Eins og einstaklingur með hrömun í augnbotni gæti séð

## Undirbúningur heima

Fara þarf í sturtu, klæðast hreinum fötum og fjarlægja skartgrip og andlitsfarða. Ekki þarf að fasta fyrir meðferðina. Óhætt er því að borða og taka inn lyf eins og venjulega. Ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir lyfjagjöf.

## Meðferðardagur

Meðferðin fer fram á dag- og göngudeild augndeildar á Eiríksgötu 37. Gera má ráð fyrir að vera á deildinni í um það bil 2 klukkustundir. Óvæntar aðstæður geta þó valdið því að meðferðartími breytist án fyrirvara. Undirrita þarf samþykki fyrir meðferðinni.

Áður en farið er inn á aðgerðarstofu eru gefnir bakteríudrepandi augndropar og augað deyft með augndropum. Einnig er gefið sýklalyf.

Á aðgerðarstofu er dúkur lagður yfir andlit og svæðið umhverfis augað. Síðan er auga og húðin umhverfis sótthreinsuð til að draga úr hættu á sýkingu. Notuð er svokölluð augnsperra til að halda auganu opnu. Sumir finna fyrir vægum þrýstingi í auganu þegar lyfið er gefið.

Eins er algengt að líttill hringur sjáist neðst í sjónsviðinu. Það er vegna loftbólú sem fer inn með lyfinu þegar því er dælt í augað og hverfur á nokkrum dögum. Einnig geta smáar agnir birst í sjónsviðinu.

#### Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- útskriftarfræðslu
- endurkomutíma í lyfjagjöf eða til augnlækni

## Útskrift

Til að **fordast þurrk** á hornhimnu augans er mikilvægt að nota gervítar eftir lyfjagjöfina. Dropana á að nota samdægurs á tveggja tíma fresti eða eftir þörfum. Þeir fást í apótekum án lyfseðils. Varast ber að nudda augað.

Aukaverkanir geta komið í kjölfar lyfjainndælingar. Algengast er að blóð komi undir slímhúð á hvítu augans eftir stunguna en það hverfur af sjálfu sér. Auk þess getur sjúklingnum fundist að aðskotahlutur sé í auganu og geta gervítar hjálpað við að draga úr þeim einkennum.

## Verkir

Yfirleitt dugar að nota verkjalyf sem fást án lyfseðils í apótekum, ef þörf er á.

## Hreyfing

Ekki má fara í sund í 5 daga eftir lyfjagjöf í auga.

## Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Oft hjálpar að tala um líðan við sína nánustu og ræða við fagfólk um það sem veldur áhyggjum. Aðferðir eins og tónlist, slökun og hreyfing geta dregið úr andlegri vanlíðan en ef kvíði eða drungi verða viðvarandi er um að gera að leita aðstoðar, til dæmis hjá heimilislækni.

## Vinna

Ekki er ráðlagt að mæta í vinnu eftir lyfjagjöf þann daginn en ef engar aukaverkanir koma fram er í lagi að fara í vinnuna daginn eftir.

## Rannsóknir

Rannsóknir hafa sýnt að vítamín og zink getur m.a. hægt á sjóntapi. Augnlæknir veitir ráðgjöf um vítamín.

Reykingar geta ýtt undir þróun hrörnunar í augnbotni. Þeir sem reykja eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“ og eftirfylgni í 12 mánuði. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á [www.reyklaus.is](http://www.reyklaus.is).

**Kostnaður**

Greiða þarf fyrir lyfjagjöfina við útskrift. Verðskrá er birt með fyrirvara um breytingar á gjaldskrá Landspítala.

**Strax skal hafa samband við deildina ef:**

- Fram koma óþægindi eða verkir í auga sem láta ekki undan vægum verkjalyfjum
- Ber á ljósfælni, sjóntruflunum eða breytingum á sjón
- Skyndileg móða birtist í sjónsviði og ljósblossar
- Nýtilkomnir skuggar birtast í sjónsviði augans
- Fram kemur roði nokkrum dögum eftir lyfjagjöf sem fer vaxandi

Dag- og göngudeild augnlækninga er opin virka daga frá klukkan 8-16, sími: 543 7122, 543 7157 eða 543 7111. Eftir kl. 15:30 og um helgar má hafa samband við skiptiborð í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi augnlækni.

Sjúklingum og aðstandendum er velkominn að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni annarra sjúklinga. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI  
SKURÐLÆKNINGASVIÐ  
APRÍL 2014  
SKURD-684

ÁBYRGÐARMENN:  
YFIRLÆKNIR AUGNLÆKNINGA OG  
DEILDARSTJÓRI EI-37

HÖNNUN:  
KYNNINGARMÁL LSH/ÁC